

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst. mæli á 120 auru hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst. mæli á 40 auru hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á ári á m² gólflatar máls í rúmi því, er lýsa skal. Þar, sem gólfletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósmagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkvæmt reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst. mæli á 25 auru hver kwst. af fyrstu notkun er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús, 1200 kwst. á ári.

—, —	2	—, —	1500	—, —
—, —	3	—, —	1800	—, —
—, —	4	—, —	2000	—, —
—, —	5	—, —	2200	—, —
—, —	6	—, —	2300	—, —
—, —	7	—, —	2400	—, —

Notkun umfram þetta greiðist með 18 auru hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 2.50 á mánuði fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús. Herbergi sem er minna en 5 m² skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst. mæli á 60 auru hver kwst. Hafi vélnarar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur.
2. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 20 kw.

um kwst. mæli á 16 auru hver kwst. fyrstu 50 þúsund kwst.

—, —	14	—, —	næstu 50	—, —
—, —	12	—, —	— 50	—, —

Notkun, sem er umfram 150 þúsund kwst. á ári greiðist með 10 aur. hver kwst. Áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegis, og 1 stund á kvöldi, á tímum mesta álags.

D. Hitun.

1. Um kwst. mæli á 12 auru hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Notkun umfram 10000 kwst. á ári greiðist með 10 auru hver kwst. Sala á

rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði að straumurinn sé rofinn frá kl. 10.45 til 12 og frá kl. 18 til 19.30. **183**

12. nóv.

2. Um kwst. mæli á 4 aura hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði að straumurinn sé rofinn frá kl. 18.30 til 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, götulínur og spennur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að klukkurofar séu fánlegir, og að notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigu fyrir þá samkv. reglum, er gilda um leigu mæla.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. kr. 1.50 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni — 3.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum 50 Amp. til 200 Amp. — 7.00 á mánuði.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 Amp. — 10.00 á mánuði.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af þeirri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Frá kr.	Brunabótamat	Jarðlína	Loftlína
0—	10 000.00	kr. 1 000.00	kr. 800.00
—	10 000.00— 25 000.00	— 1 300.00	— 1 025.00
—	25 000.00— 50 000.00	— 1 600.00	— 1 350.00
—	50 000.00— 75 000.00	— 1 875.00	— 1 525.00
—	75 000.00—100 000.00	— 2 000.00	— 1 600.00
—	100 000.00 og yfir	— 2 100.00	— 1 700.00

Ef brunabótamat á húsi er gamalt getur rafveitustjóri samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en 3×70 qmm., skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun 10 krónur.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð, fyrr en notandi hefur greitt 10 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

- 183 Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla 12. nív. þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

V. BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Fyrst um sinn skal rafmagn til suðu fyrst og fremst miðað við lagnir í ný hús, er ekki hafa önnur eldfæri og er óleyfilegt að taka burt nothæfar eldavélar til þess að setja í staðinn rafsuðuvélar. Fyrst um sinn skal einnig útiloka frystihúsvélar á tímanum kl. 10.45 til 12 fyrir hádegi og þegar spennan er lág ber að útiloka allar vélar yfirleitt eftir því sem hægt er.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. nóvember 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

BERKLAVERNASJÓÐUR

Ólafs Halldórssonar konferensráðs.

Ársreikningur 1946.

Höfuðstóll:

1. Eign frá f. ári, skv. birtum reikningi	kr. 1953.21
2. Aukning á árinu 1946, skv. eftirfarandi reikningi	— 57.13
	<hr/> Kr. 2010.34

Eign um sjóðsins er þannig varið:

1. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands h.f.	kr. 200.00
2. Innstæða í sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands	— 1810.34
	<hr/> Kr. 2010.34

Tekjur:

1. Arður af hlutabréfum	kr. 8.00
2. Vaxtatekjur	— 49.13
	<hr/> Kr. 57.13

Gjöld:

Lagt við höfuðstólinn	kr. 57.13
	<hr/> Kr. 57.13

Forsætisráðuneytið, 8. janúar 1947.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.